

Skólastefna Hornafjarðar

Í upphafi var ákveðið að frumvinnan við skólastefnuna byggði á greiningarfundum. Byggði sú ákvörðun meðal annars á vinnu Garðbæinga við sína stefnu sem undirritaður hafði kynnt sér. Í ljósi þessa var haldið námskeið fyrir ákveðinn hóp starfsmanna sveitarfélagsins sem reiknað var með að kæmu að vinnu við skólastefnuna. Einnig voru á því námskeiði nokkrir aðrir starfsmenn stofnana með það í huga að fleiri kynntu sér og lærðu þau vinnubrögð sem kennd voru á námskeiðinu. Kennari á þessu námskeiði kom frá **IMG ráðgjöf**.

- Kosinn var 5 manna stýrihópur, 4 komu úr bæjarstjórn og einn úr skólanefnd. Eftir sveitarstjórnarkosningar 2006 fækkaði í stýrihópnum í 3 fulltrúa. Starfsmaður stýrihópsins og um leið alls verkefnisins var undirritaður. Heildarfjöldi funda stýrihóps var nálægt 3 tugum.
- Komið var á fót einum greiningarhópi fyrir leikskóla, einum fyrir grunnskóla og einum fyrir tónlistarskóla. Í þessum hópum voru fulltrúar starfsmanna og foreldra skólabarna sem og einn skólanefndarmaður. Einnig var hlustað eftir viðhorfum nemenda eins og efni stóðu til. Þessir greiningarhópar héldu 5 – 10 fundi, flestir í grunnskólahópi.
- Starfsmenn leikskóla annars vegar og grunnskóla hins vegar voru einnig með einn greiningarfund hvor hópur. Þá fundi sat mikill meirihluti starfsmanna.
- Haldinn var einn greiningarfundur með foreldrum allra skólabarna, sem sagt opinn öllum sem áhuga höfðu. Þar var vinnunni skipt upp eftir skólastigum. Var hann nokkuð vel sóttur og kom margt frá honum.
- Stýrihópurinn var einnig með sína greiningarfundi.
- Meginhlutverk stýrihópsins var að vinna úr öllum þeim ábendingum og athugasemdum sem komu frá framangreindum greiningarhópum. Var þar um að ræða mikið magn. Stýrihópurinn kom þessu öllu heim og saman í eina stefnu. Kynnti hópurinn þá vinnu (sendi „áfangaskýrslur“) einnig fyrir greiningarhópnum.
- Stefnan var síðan kynnt almenningi á opnum fundi um skólamál eftir að hún hafði verið samþykkt í skólanefnd og bæjarstjórn.

Kosturinn við þetta skipulag var hversu margir komu að þessari vinnu. Segja má að allir hópar sem með einhverjum hætti tengjast skólastarfi hafi komið að vinnu við skólastefnuna. Þannig varð þetta stefnan okkar allra ef svo má segja. Vissulega var mikið mál að halda utan um allan þann fjölda sem að þessu koma og ekki síður að vinna úr ábendingum greiningarhópa. Það tókst hins vegar prýðilega. Þá verður ekki fram hjá því horft að þetta kostaði sitt því öllum sem áttu sæti í skipuðum hópum var greitt fyrir sína vinnu.

Þess verður að geta að næsta stefna sem unnið var að á vegum sveitarfélagsins – fjölskyldustefna sveitarfélagsins – var unnin af fámennum hópi án nokkurrar greiningarvinnu. Hin mikla vinna við skólastefnuna hafði e.t.v einhver áhrif á þá ákvörðun.

Námskeið IMG ráðgjafar reyndist okkur gott vegarnesti í þessari umfangsmiklu vinnu, var reyndar grundvöllur þess að þessi vinnubrögð gengu upp.

Heimsókn undirritaðs í Garðabæ var lærdómsrík. Lærði bæði af mistökum þeirra og því sem vel hafði til tekist hjá þeim.

Kv. Stefán Ólafsson
framkvstj. fræðslu- og félagssviðs
Hornafjarðar